

Fundargerð 91. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 4. október 2023, kl. 14:30

Dagskrá:

1. Opinber grunnþjónusta – drög að skilgreiningu (frh. frá fundi 25/4/23)
2. Endurnýjun sóknaráætlanasamninga
3. Samtal við landshluta um stefnur ríkisins
4. Búsetufrelsi
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Baldur P. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR, fór 15:37), Daníel Svavarsson (FOR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu, mætti kl. 15) og Þórarinn Sólmundarson (HVIN, mætti kl. 15:20).

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Arnar Þór Sveinsson (HRN), Hafþór Einarsson (MRN) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá og kynnti breytingar á stýrihópnum. Daníel Svavarsson kemur nú inn fyrir forsætisráðuneytið í stað Péturs Berg Matthíassonar.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. **Opinber grunnþjónusta – drög að skilgreiningu.** Framhald af umræðum á fundi stýrihópsins 25. apríl sl. Byggðastofnun skilaði innviðaráðuneytinu drögum að skilgreiningu í byrjun sumars. Vinnan er liður í aðgerð byggðaaætlunar, A.15 Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis. Formaður fór yfir stöðu málsins. Stýrihópurinn fær skjalið sent til skoðunar áður en það fer í samráðsgáttina og fær 10 daga frest til að skila ábendingum og/eða athugasemdum. Umræður voru þó nokkrar um þennan lið.

Formaður greindi frá lagaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 gr. 130 a sem kveður á að sveitarstjórn skal móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum viðkomandi sveitarfélags. Að beiðni innviðaráðuneytis vann Byggðastofnun leiðbeiningar þar að lútandi í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing sem birt hefur verið á vef ráðuneytisins og sendar til allra sveitarfélaga. Þá kom fram að samþykkt var í ríkisstjórn þann 15. september sl. að móta stefnu um opinbera þjónustu.

2. **Endurnýjun sóknaráætlanasamninga.** Formaður sagði frá því að vinnuhópur stýrihópsins hafi fundað með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga. Unnin verður verkefnisáætlun um hvernig staðið verður að endurnýjun og stefnt að því að kynna hana fyrir stýrihópi á næsta fundi.
3. **Samtal við landshluta um stefnur ríkisins.** Hugmyndir eru uppi um nýjan „Hveragerðisfund“, sem haldinn var í janúar 2019 þar sem ýmsar stefnur og stefnudrög ríkisins voru kynntar fyrir landshlutasamtökum sveitarfélaga í tengslum við endurskoðun sóknaráætlana. Í umræðum um

Þetta kom fram áhugi á slíkum fundi og ýmsar stefnur ríkisins eru nýlega samþykktar eða í farvatninu sem áhugavert væri að kynna á slíkri ráðstefnu. Stefnt er að því að halda fundinn í febrúar, en óvíst hvort það verður stað- eða fjarfundur. Formaður mun kalla eftir tillögum frá fulltrúum stýrihópsins um hvaða stefnur ástæða væri til að kynna sérstaklega.

4. **Búsetufrelsi?** Verkefnisstjóri sagði frá byggðaráðstefnunni 2023 sem haldin verður í Reykjanesbæ 2. nóvember undir yfirskriftinni Búsetufrelsi?
5. **Önnur mál.** Rætt um næsta fund og um fundi með landshlutasamtökunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:52